

Fundargerð

9. fundur fræðslu- og menningarnefndar á Bakkafirði 29. mars kl. 17:30.

Mættir voru: Guðni Örn Hauksson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Sólveig Óladóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Helgi Tryggvason, Arnar Einarsson, María Guðmundsdóttir, Rósa Magnúsdóttir. Einnig sátu fundinn þær Eyrún K. Júlíusdóttir og Anna Hjaltadóttir

Formaður setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá.

1. Mál. Skýrsla skólastjóra skólanna á Bakkafirði.

Rósa sagði frá þemadögum sem hafa verið í Krakkakoti og stöðu mála í leiktækjakaupum.

María sagði frá velheppnaðri heimsókn í Svalbarðsskóla og ráðstefnu sem hún sótti í Sjónarhóli í liðinni viku. Hún sýndi fundarmönnum hrósbækur sem kennarar og foreldrar skrifa í. María talaði um að hún vildi aukin samskipti kennara á Þórshöfn og Bakkafirði. Nefndin tekur undir það sjónarmið.

2. Mál. Viðhaldsmál Grunnskólans á Þórshöfn.

Arnar lagði fram samantekt um brýnustu viðhaldsverkefni í Grunnskólanum á Þórshöfn, nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að sjá um að þeim verkefnum verði lokið eigi síðar en 12. ágúst. n.k.

3. Mál. Námskeið á Akureyri.

Guðni kynnti námskeið fyrir skólanefndir sem fjórir nefndarmenn sóttu nýverið.

4. Mál. Ytra mat á grunnskólanum.

Guðni lagði fram kynningu á fyrirkomulagi ytra mats á grunnskólum Langanesbyggðar.

5. Mál. Málefni tónlistarskóla.

Arnar fór yfir núverandi stöðu í tónlistarskólanum. Fram kom að 50 nemendur eru í skólanum. Kennarinn sinnir jafnframt störfum í Svalbarðshreppi og er ofhlaðinn störfum. Gjaldskrá skólans er ein sú lægsta á landinu. Fræðslunefnd er sammála um að núverandi staða sé óásættanleg og óskar eftir því að skólastjóri, sveitarstjóri og kennari komi með tillögur að endurskipulagningu tónlistarskólans.

6. Önnur mál.

- Skóladagatal. Kynning
- Starfsmannamál. Arnar kynnti stöðu mála.
- Erindi frá Félagi leikskólakennara um húsnæðismál. Leikskólakynning.
- Heimsókn, námskeið eða fræðslufyrirlestur: Eftir nokkrar umræður var samþykkt að óska eftir að fá Margréti Pálu til að halda fyrirlestur um skólamál. Varaformanni falið að koma málinu áfram og leita eftir fjárheimildum.

Að loknum þessum lið viku undirritaðir af fundi. Eyrún Kr. Júlíusd., Rósa Magnúsd. og María Guðmundsd.

7. Mál. Innsent erindi vegna nemanda.

Samþykkt að færa erindið í trúnaðarbók.

Menningarmál.

8. Mál. Stuðningssamningur Eypings og menntamálaráðherra væntanlegur. Formaður kynnti málið.

9. Mál. Kátir dagar.

Frestað til næsta fundar.

Dagskrá tæmd og fundi slitið kl. 21:05.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.